



HAFNARFJÖRÐUR

## Reglur um greiðslur vegna dvalar barna úr Hafnarfirði há dagforeldrum

Gildir frá 1.janúar 2013

1. Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkir að greiða mánaðarlega í ellefu mánuði á ári fjárhæð vegna dvalar barna úr Hafnarfirði há dagforeldrum. Bæjarstjórn ákveður fjárhæð hverju sinni að fenginni tillögu fræðsluráðs.
2. Skilyrði fyrir greiðslur eru eftirfarandi
  - a. Að foreldri eigi lögheimili í Hafnarfirði og hafi lokið hámarks fæðingarorlofi.
  - b. Að viðkomandi dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu í heimahúsum.
  - c. Að barn sé slysatryggt.
3. Mánaðarleg greiðsla miðast við dvalartíma barns og er kr. 5.000 fyrir hverja klukkustund á dag
4. Greitt er viðbótar niðurgreiðsla til tekjulágra foreldra/forráðarmanna og er kr. 6.000 (20%) og kr. 7.000 (40%) í samræmi við eftirfarandi tekjuviðmið:

### Einstaklingur

0 til 2.811.180 kr. -(allt að á mánuði 234.265 kr.)	40%
2.811.181 til 3.373.411 kr. - (allt að á mánuði 281.117 kr.)	20%

### Í sambúð

0 til 3.935.652 kr. - (allt að á mánuði 327.971 kr.)	40%
3.935.653 til 4.722.782 kr. - (allt að á mánuði 393.565 kr.)	20%

Afsláttur er reiknaður út frá álagningu ársins á undan það er samtalan af stofni til útreiknings tekjuskatts og útsvars (reitur 2.7) og fjármagnstekjum samtals (reitur 3.10). Ef tekjur hafa breyst á árinu skal skila inn gögnum um tekjur sl. þriggja mánaða.

5. Greitt er fyrir hálfan og heilan mánuð og miðsat við 1. og 15. Hvers mánaðar
6. Veittur er 100% afsláttur af dvalargjaldi með öðru barni ef um systkini yngra en 2. ára er að ræða í daggæslu.
7. Foreldrar fá afslátt af dvalargjaldi leikskóla ef þeir eru með börn samtímis í leikskóla, gegn því að framvísa til leikskólustjóra niðurgreiðslukvittun frá Skólaskrifstofu
8. Sérstök niðurgreiðsla er greidd vegna barna eldri en 2.ára og er kr. 8.729 fyrir hverja klukkustund á dag. Ekki er greitt fyrir fleiri en 8 ½ stundir á dag. Greiðslur hefjast næsta mánuð eftir að barnið hefur náð 2. ára aldri og eru fjárhæðir óháðar tekjum.

Samþykkt í bæjarstjórn Hafnarfjarðar  
5. desember 2012

Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir  
bæjarstjóri